

29. október 2009

Til fjármálaráðherra

Frá Gunnari H. Hall Fjársýslu ríkisins, Sveini Arasyni Ríkisendurskoðun og Þórhalli Arasyni fjármálaráðuneyti

Efni: Meðferð Icesave-skuldbindinga í reikningshaldi ríkisins

Lokið er samningum við Breta og Hollendinga um Icesave skuldbindingar íslenska ríkisins. Í tengslum við frágang málsins samþykkti Alþingi skilyrta ríkisábyrgð á lántökunni sem fólst í samningnum frá 5. júní. Nú hefur verið lagt fram frumvarp til breytinga á lögum um ábyrgð ríkissjóðs á Icesave-skuldbindingunum frá 2. september (96/2009) í kjölfar viðauka við samingana sem undirritaðir voru 19. október. Hér á eftir verður fjallað um fyrirhugaða meðferð samningsins í reikningshaldi A-hluta ríkissjóðs að því gefnu að endanleg ríkisábyrgð liggja fyrir. Í því samhengi er m.a. höfð hliðsjón af því sem alþjóðlegir reikningsskilastaðlar mæla með varðandi meðferð skuldbindinga í reikningsskilum (IAS-37 og IPSAS-19)

Ekki verður fjallað hér um hvers vegna umræddar skuldbindingar lenda á ríkissjóði, en ljóst er að Tryggingasjóður innstæðueigenda mun ekki geta staðið undir þeim. Við færslur í reikningshaldi ríkisins þarf að hafa eftirfarandi atriði í huga:

1. Samkvæmt samningnum er höfuðstóll lánanna 2.350 millj. sterlingspund gagnvart Bretum og 1.329 millj. evra gagnvart Hollendingum. Miðað við skráð sölugengi gjaldmiðlanna þann 15. október 2009 nemur heildarfjárhæð lánanna 714,3 milljörðum ÍSK. Til lækkunar á skuldinni koma eldri innstæður Tryggingasjóðsins sem nema um 15 milljörðum ÍSK. Lánin bera 5,55% vexti á ári og bætast þeir við höfuðstólinn eins og hann stendur hverju sinni til 5. júní 2016. Eftir það greiðast vextirnir árlega þegar þeir falla til. Vextir reiknast frá 1. janúar 2009. Lánstíminn er 15 ár. Árlegar endurgreiðslur af lánunum hefjast árið 2016.
2. Við samþykkt Alþingis á ríkisábyrgð sl. sumar var talið að á næstu árum myndi söluandvirði eigna gamla Landsbankans skila á bilinu 75-95% af upphaflegu skuldbindingunni. Töluverð óvissa ríkir um hvers má vænta þegar eignirnar verða seldar en jafnóðum og það gerist verður andvirðið nýtt til að greiða lánin niður. Samkvæmt fréttatilkynningu skilanevndar Landsbankans frá 12. október sl. er það mat hennar að a.m.k. 10% af upphaflegu skuldbindingunni (tæplega 90% endurheimta upp í forgangskröfur) lendi á ríkissjóði

3. Tryggingasjóður innstæðueigenda og fjárfesta er lántaki gagnvart Bretum og Hollendingum. Lánsfjárhæðin mun lækka á næstu árum eftir því sem söluandvirði eigna gamla bankans skilar sér upp í skuldina. Á sama tíma reiknast vextir af skuldinni í samræmi við stöðu lánsins á hverjum tíma og bætast þeir við höfuðstól skuldarinnar.

Öll framlög ríkissjóðs vegna ríkisábyrgðarskuldbindingarinnar, hvort heldur er vegna höfuðstóls hans eða áfallinna vaxta, gjaldfærast sem tilfærslur til Tryggingasjóðsins og á móti sem skuld gagnvart honum.

Mat á skuldbindingu ríkissjóðs hverju sinni tekur mið af áætluðu endurheimtuhlutfalli af sölu eigna bankans sem skilanefnd hans reiknar. Samkvæmt lögum er Ríkisábyrgðasjóði og Seðlabanka ætlað að meta þörf fyrir afskrift og þar með ábyrgð sem fellur á ríkissjóð. Ætla má að eignasalan taki 5-7 ár og er því líklegt að endurheimtuhlutfallið eigi eftir að taka breytingum á þeim tíma. Endurgreiðslur lánanna verða síðan frá árinu 2016 til þess tíma er lánin verða að fullu upp greidd.

Bókhaldsleg meðferð á Icesave samningnum í reikningshaldi ríkissjóðs á komandi árum verður sem hér segir:

- a) **Árlegar upplýsingar.** Í árslok ár hvert fær ríkissjóður upp gefið frá Tryggingasjóðnum hver staða lánanna er að að teknu tilliti til endurgreiðslna frá skilanefnd Landsbankans en að meðtöldum áföllnum vöxtum. Jafnframt þarf að afla upplýsinga frá skilanefnd bankans um áætlað endurheimtuhlutfall í árslok ásamt mati Ríkisábyrgðasjóðs og Seðlabanka. Þarf að gera svo þar til allar eignirnar hafa verið seldar og er hér miðað við að svo verði a.m.k. fyrir árslok 2015. Að fengnum þessum upplýsingum er unnt að reikna skuldbindingu ríkissjóðs í árslok gagnvart Tryggingasjóðnum.
- b) **Árin 2009-2015.** Færslur vegna skuldbindingar ríkissjóðs gagnvart Tryggingasjóðnum verða gerðar í árslok ár hvert, í fyrsta skipti á árinu 2009. Borin er saman staðan í ársbyrjun og árslok. Breyting ársins bókast sem gjaldfært framlag á 09-971 Ríkisábyrgðir og á móti sem skuld við Tryggingasjóðinn.
- c) **Árin 2016-2024.** Á þessu tímabili kemur til endurgreiðsla lánanna hjá Tryggingasjóðnum og þarf ríkissjóður að haga sínum greiðslum til hans í samræmi við það. Færslur vegna þeirra greiðslna verða gerðar í bókhaldi ríkissjóðs um leið og þær eiga sér stað. Skuldbinding ríkissjóðs gagnvart Tryggingasjóðnum lækkar þá samsvarandi.
- d) **Horfur árið 2009.** Fram hefur komið að nýlegt mat skilanefndar Landsbankans felur í sér um 90% endurheimtuhlutfall. Sé tekið mið af því hlutfalli munu gjöld ríkissjóðs á árinu 2009 nema 111,1 milljarði ÍSK að meðtöldum vöxtum. Við frágang á ríkisreikningi fyrir árið 2009 verður endanlegt mat lagt á skuldbindingarnar með hliðsjón af endurskoðuðu endurheimtuhlutfalli frá skilanefnd bankans.

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir bókhaldslegri meðferð á Icesave-skuldbindingum í reikningshaldi ríkisins. Í ljósi mikillar óvissu um þær skuldbindingar sem munu endanlega falla á ríkissjóð var ákveðið að halda sig við tiltölulega einfaldar og skýrar aðferðir.